

Fundagerð foreldrafélagsins Vinarótar, 10. desember 2020.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar, sem skipaði sér niður á embætti með svofelldum hætti:

Fríða Rún Guðjónsdóttir er formaður
Dagný Björg Gunnarsdóttir er gjaldkeri
Ottó Elíasson er ritari
Ásta Heiðrún Jónsdóttir er meðstjórnandi
Eydis Helga Pétursdóttir er meðstjórnandi

Ásta fræddi okkur nýliðana um starfsemi félagsins á árinu sem leið, sem var með óvanalegum hætti sökum ástandins.

Ný stjórn er spennt að taka við, og vonandi getum við sinnt skemmtilegum viðburðum með hækkandi sól og hnignandi sótt.

Stjórnin ákvað að hittast á ný undir lok janúar, en þá ættu nýjar sóttvarnalínur að liggja fyrir.